# heimili & hönnun

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÍBÝLI ]

júní 2011


## Salan tekur kipp

Aukin sala hefur verið í húsgögnum og raftækjum síðustu mánuði. Forsvarsmenn verslana segja fólk bæði endurnýja gamla hluti og skipta út græjum fyrir aðrar nýrri.

SÍÐA 2






## Almennur áhugi á hönnun

Sigríður Heimisdóttir segir frá stórskemmtilegum hönnunarnámskeiðum í Boisbuchet í Frakklandi.

SÍÐA 4



# UNDRAHEIMUR VITRA

VitraHaus í Basel, sem hannað er af Herzog & DeMeuron, hýsir heimilislínu Vitra.

BLS. 6

VITRAHAUS, HERZOG & DE MEURON © VITRA (WWW.VITRA.COM)





VIKUTILBOÐ Á LCD

ALLTAF BETRA VERÐ

21.990

SEX VERSLANIR

FULLT VERÐ KR. 24.990

1920x1080p UPPLAUSN

Asus VH222D

21.5" LCD skjár með HD 1920x1080 upplausn, 20.000:1 skerpu, 5ms viðbragðstíma, VGA, TN filmu o.fl.

TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

## UNDIR SÓLINNI...



**●50% SAWDUST** Ísraelska hönnunartvíeykið Kulla Studio, sem skipað er Adi Shpigel og Keren Tomer, kynnti nýverið borðlampa úr línu sinni 50% sawdust. Lamparnir eru hluti af húsgagnalínu úr endurunnu efni, sagi og plastpokum. Saginu og kurluðum plastpokum er blandað saman, blandan sett í mót og bökuð og er útkoman hart efni. Litirnir í plastpokunum mynda skemmtilegt munstur í efnið. Nánar á www.kulladesign.com.



**●NOTADRJÚGT STURTUHENGI** Wintercheck Factory í Brooklyn hannaði nýlega sniðugt sturtuhengi. Hengið er hannað fyrir þröng baðherbergi íbúða í New York og er með áföstum vösum fyrir sjampó, rakvél og tannbursta. Vasarnir hleypa vatninu í gegnum sig og geta tekið allt að átta sjampó og sápubrúsa. Eins eru tvær lykkjur á sturtuhenginu þar sem hengja má handklæðið. Nánar á wintercheckfactory.com.

**●NEWSPAPERWOOD** Dagblaðaviður eða NewspaperWood er afrakstur samvinnu vöruhönnuðarins Mieke Meijer og hollenska hönnunarfyrirtækisins Vij5. Viðinn sýndu þau á Salone Del Mobile sýningunni í Mílanó nú í vor. Hugmyndin að baki viðarins er að endurvinna dagblöð. Mörg lög af pappír eru pressuð saman og mynda línur, svipaðar árhringj í tré. Dagblaðaviðinn er hægt að vinna eins og hvern annan við, saga hann niður, pússa og smíða úr honum. Nánar á www.vij5.nl.



● **Forsíðumynd:** VitraHaus, Herzog & de Meuron © Vitra (www.vitra.com) **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is **Auglýsingar:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir s. 512-5462 **Útlitshönnuður:** Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is.





Sala á stærri heimilistækjum er á góðri siglingu þessa dagana. MYND/NORDICPHOTOS

# Einkaneysla eykst á ný

● Sala á húsgögnum og raftækjum hefur tekið kipp síðustu mánuði. Forsvarsmenn verslana hér í bæ segja fólk bæði vera að endurnýja það sem sé úr sér er gengið og skipta um græjur og fá sér aðrar betri.

Sterkar vísbendingar eru um það að einkaneysla þjóðarinnar sé á leið upp á við en velta í ákveðnum þáttum sérvöruverslunar, húsgögnum og raftækjum, hefur aukist um tugi prósenta síðustu mánuði samkvæmt smásöluvísutölu Rannsóknarseturs verslunarinnar.

„Verslun í sérvöru er yfirleitt það fyrsta sem dregst saman í efnahagskreppu og húsgagnaverslanir hafa átt í miklu basli frá hruni. Íslendingar voru mjög duglegir í húsgagnakaupum þar til hrunið varð og mikil uppsveifla varð á þeim markaði í lok ársins 2007. Velta í húsgagnaverslun minnkaði svo um helming frá árinu 2008 til 2009. Frá áramótum hefur þessi sérvöruverslun hins vegar verið að þokast aftur upp þannig að fólki virðist vera farið að vanta húsgögn,“ segir Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar.

Samkvæmt Rannsóknarsetri verslunarinnar hefur sérvöruverslun glæðst það sem af er þessu ári frá sama tímabili í fyrra. Velta raftækjaverslana jókst um 31,5 prósent á föstu verðlagi og 16 prósent aukning varð í veltu húsgagnaverslunar á sama tíma. Verðlag á þessum tegundum sérvöru hefur haldist nokkuð óbreytt á milli ára, nema á raftækjum en þau hafa lækkað töluvert í verði, um 11,9 prósent frá maí 2010.



**Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar.**

IKEA hefur síðustu árin verið ein vinsælasta húsgagnaverslunin hérlendis en framkvæmdastjóri hennar, Þórarinn Ævarsson, segir hægan bata hafa orðið í húsgagnaverslun síðustu tólf mánuðina eftir að botninum hafi verið náð vorið 2010. „Uppsveiflan hefur verið nokkuð jöfn yfir allar vörulínur, allt frá barnahúsögnum upp í skrifstofuhúsögn, en þó minnst í dýrustu húsgögnunum,“ segir Þórarinn.

Framkvæmdastjórar tveggja rótgróinna raftækjaverslana hérlendis segjast báðir merkja aukningu í sölu stærri heimilistækja.

„Fólk er að endurnýja stærri heimilistæki, svo sem þvottavélar, uppþvottavélar og kæliskápa, og virðist hafa beðið með það síðustu árin. Þá er líka góð hreyfing á dýrari raftækjum svo sem hátæknisjónvörpum. Það sama erum svo að sjá í sölu á innréttingum,“ segir Andrés B. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Bræðranna Ormsson en fyrirtækið hefur einnig sérhæft sig í sölu baðherbergis- og eldhúsinnréttinga. Auk þess sem Andrés merkir aukna einkaneyslu verður hann var við að verktakar fái úthlutað stærri verkum og þurfi að fjárfesta í innréttingum í blokkum upp á tugi íbúða.

Innkaupastjóri Elko, Óttar Örn Sigurbergsson, tekur í sama streng og Andrés og segir greinilegt að sala á stærri heimilistækjum sé á mikilli siglingu. „Fólk er ekki bara að endurnýja lykilvörurnar heldur er það líka að skipta út tækjum sem eru kannski í góðu lagi en þá er oftast um að ræða hágæðatæknivörur, svo sem sjónvarpstæki. Inn í þessa auknu sölu spila þó líka fleiri atriði, svo sem fyrirtækjamarkaðurinn. Það þarf ekki annað en að nýtt hótel opni til að það hafi áhrif á heildarútkomuna.“

BM·VALLÁ
forsteyptar einingar smellinn

bmvalla.is

**Helstu kostir SMELLINN húseininga:**
Styttri byggingartími
Steypt við bestu aðstæður
Yfirborð frágengið
Gott einangrunargildi
Minni fjármagnskostnaður

BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 412 5000
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is

Einingahúsin henta vel sem einbýlishús, orlofshús, hesthús, skrifstofur, gistihús
... möguleikarnir eru óendanlegir.



**Smellinn**
forsteyptar einingalausnir frá BM Vallá

Smellinn einingahús eru traustur og fljótlegur kostur fyrir fólk í framkvæmdahug. Húsin eru steypt við bestu mögulegu aðstæður, reist og tilbúin á stuttum tíma og hafa í för með sér lægri fjármagnskostnað.

**Frábær byggingakostur**
*„Forsteyptar einingar gefa frelsi í hönnun og ég get verið viss um gæði steypunnar. Þess vegna vel ég forsteyptar einingar í margar af byggingunum sem ég hanna.“*



Einar Ólafsson verðlaunaarkitekt hefur fjölbreytta reynslu af hönnun einingahúsa.

# ego dekor



Glerskápur
Breidd 100cm
Verð: 118.000,-



ERIC Skenkur
Breidd: 170cm
Verð: 139.900,-

BORÐSTOFUBORÐ
200X100
TILBOÐSVERÐ: 87.920,-

HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Skenkur Breidd: 180cm
Verð: 178.000,-

Stækkanlegt borð 160(248)X100
Verð: 178.000,-

TV Skenkur
Breidd: 200m
Verð: 98.000,-



# FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI



KINGSTON Leðurtungusófi
Stærð: 250X165
Verð: 278.000,-



ROMEO leðurtungusófi
Stærð: 320X165
Verð: 328.000,-



SCARLETT tungusófi
Stærð: 310X180
TILBOÐSVERÐ: 219.600,-



WIND tungusófi
Stærð: 295X167
TILBOÐSVERÐ: 207.400,- Skrautpúðar fylgja



CLIO leðurstóll
Verð: 15.900,-



PRIMA stóll
Verð: 13.800,-



VEGAS leðurstóll
Verð: 16.900,-



NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 252X165
TILBOÐSVERÐ: 169.200,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - sun: Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

# FYRIR VANDLÁTA




79.900
FULLT VERÐ 95.000

## Frábært grill
fyrir íslenskar aðstæður

- Mikil orka 16,5 kw/h
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Hitadreifarar úr pottjárni
- Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
- Vönduð og sterk viðargrind
- Innbyggð neistakveikja
- Skúffa fyrir fitu
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 145 x 108 x 62 cm

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

FÆST EINNIG HJÁ
ORMSSON -
ÁRVIRKINN SELFOSSI
MODEL AKRANESI
RADÍÓNAUST AKUREYRI
GEISLA Í EYJUM



## Stökktu til Tyrklands
2. júlí - 14 nátta ferð

Frá aðeins kr. 99.900
frá kr. 119.900 m/hálfu fæði -
kr. 134.900 m/„öllu inniföldu“

Heimsferðir bjóða ótrúlegt sértilboð á allra síðustu sætunum til Tyrklands 2. júlí í 14 nætur. Þú bókar flugsæti og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.
Tyrkland býður þín með einstakan menningararf, stórbrotna náttúrufegurð, töfra Eyjahafsins, frábæran mat og ótrúlega hagstætt verðlag!.

**Gríptu tækifærið og bókaðu strax frábært frí á hreint ótrúlegum kjörum. Fjölbreytt önnur sértilboð**

Kr. 99.900 - 14 nátta ferð
Verð m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð í 14 nætur.
Aukalega m.v. hálft fæði kr. 20.000 fyrir fullorðna og kr. 10.000 fyrir börn.
Aukalega m.v. „allt innifalið“ kr. 35.000 fyrir fullorðna og kr. 17.500 fyrir börn.
**Sértilboð 2. júlí.**

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.





## AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ívar Örn Hansen
S: 5125429,
gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462,
gsm 8233344
sigridurdagny@365.is

Sigríður Hallgríms
S: 5125432,
gsm 6924700
sigridurh@365.is

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA
2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ




Þátttakendur koma frá öllum heimsins hornum, rúmlega fjörutíu þjóðum, ár hvert.

# Hönnunarvinnustofur

● Almennur áhugi fyrir hönnun hefur aukist gífurlega undanfarin ár.




**Sigga Heimis**
**iðnhönnuður**
skrifar í Heimili&hönnun
*sigga@siggaheimis.is*


Lærðir jafnt sem leikir eru forvitnir um hönnun nytjahluta og er það ekki skrýtið enda nýtast þeir flestum. Menntunarmöguleikum hefur fjölgað mikið síðastliðin ár og hönnunartengd námskeið standa einnig til boða og eru vinsæl.

Í tæp tuttugu ár hafa verið haldin sumarnámskeið eða vinnustofur í hönnun á einstökum stað í Suðvestur-Frakklandi. Staðurinn sem um ræðir heitir Boisbuchet og eru vinnustofurnar skipulagðar í samstarfi við Vitra-hönnunarsafnið og Pompidou-safnamiðstöðina í París.

Námskeiðin, sem eru vika að lengd, eru opin öllum; hönnuðum, hönnunarnemendum og áhugafólki um hönnun. Þrjár vinnustofur eru haldnar samhliða í hverri viku með mismunandi leiðbeinendum. Unnin eru sjálfstæð verkefni og eru þau ákaflega fjölbreytt, enda eru efnistök allt frá skartgripum til arkitektúrs.

Það sem gerir Boisbuchet að algjörlega einstökum stað er blandan af alþjóðlegum hóp hönnunaráhugafólks í hálfgerðri náttúruvin.



Mestmegnis er unnið utandyra og eru góð verkstæði og vinnustofur aðgengileg.

Tækninni er ýtt til hliðar og hugmyndir og samræður látnar sitja í fyrirrúmi. Það er eitthvað svo einfalt og rökrétt að komast úr skarkala hversdagsins og sitja og ræða hönnunarmál við fólk víðs vegar að úr heiminum án hjálpar tölvunnar.

Svo má ekki gleyma að nefna 150 hektara landflæmið sem tilheyrir staðnum þar sem er búið að reisa ýmiss konar byggingar með hjálp heimsfrægra arkitekta. Þar má sjá nýstárleg bambushús eftir t.d. Shigeru Ban og Simon Velez, svo og japanskt gestahús sem reist var árið 1860 en flutt til Boisbuchet. En það eru bara nokkrar af þeim forvitnilegu byggingum sem hafa verið fluttar til Boisbuchet eða verið byggðar þar síðastliðin ár.

Staðurinn er bókstaflega ævintýralegur og blasir kastali við gestum þegar keyrt er upp heimreiðina. Í honum eru áhugaverðar hönnunarsýningar og í sumar verður hægt að fræðast um japanska nytjahluti.

Nánari upplýsingar um staðinn og sumardagskrána er hægt að finna á slóðinni www.boisbuchet.com.

# FærID sýnir í London

Hönnunarteyminu FærID hlotnaðist sá heiður að fá að sýna á sýningunni One Year On, í London, sem fram fer dagana 6. til 9. júlí næstkomandi. Þar sýna einungis hönnuðir sem hafa starfrækt sjálfstætt fyrirtæki í upp undir eitt ár. Sýningin er opin öllum en er þó helst ætluð kaupendum, dreifingaraðilum og framleiðendum. „Þetta er einstakt tækifæri fyrir okkur til að kynnast breska markaðnum og sýna hvað við höfum verið að gera undanfarið ár,“ segir Þórunn Hannesdóttir, hönnuður hjá FærID.

FærID er þverfaglegt hönnunarteymi sem samanstendur af vöruhönnuðunum Þórunni og Karin Eriksson ásamt Herborgu Hörpu Ingvarsdóttur arkitekt.

Stúlkurnar nýta íslenska og sænska arfleið sína í hönnunina og sækja innblástur í norræna sögu og hefðir. Á sýningunni mun teymið kynna hirslulínuna Show it ásamt Master skókanínum og skókóttum. Show it eru hirslueiningar úr formuðu plasti og áli. Grunnhugmyndin kviknaði með Show it HUB hirslunni sem ætluð er að lífga upp á hlutlaus rými með fallegum munum, sem jafnan enda ofan í skúffu. *- hpt*



**Þórunn og Herborg eru á leið til London.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BEAUTY WORLD

FRÆÐSLA - HEILBRIGÐI - FEGURÐ



# BEAUTY WORLD KYNNIR!

Beautyworld mun hefja kennslu í snyrtifræði þann 8. ágúst næstkomandi.

Nýr og spennandi skóli á framhaldsskólastigi, sá fyrsti sinnar tegundar í vistvænu umhverfi.

Skólinn er viðurkenndur af Menntamálaráðuneytinu og námið lánshæft hjá LÍN.

Staðsetning skólans ásamt aðbúnaði er til fyrirmyndar.

Skólastjóri skólans er Kristín Sævarsdóttir, snyrtifræðimeistari,
kennari með framhaldsskólakennsluréttindi.

Yfirkennari skólans er Stefanía Marta Katarínusardóttir, snyrtifræðingur og kennari.

Allir nemendur á fyrstu önn fá glæsilegan nemendapakka að gjöf.

Umsóknum og fyrirspurnum er svarað í síma 510-8080 alla virka daga
frá kl: 10-16, eða með tölvupósti á skoli@beautyworld.is

Beautyworld
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

sími 510-8080
www.beautyworld.is



Útsýnið úr húsi Herzogs & De Meurons er einstakt.



Hús Herzogs & DeMeurons byggir á hefðbundinni húsagerð sem einkennir Basel, en hér er nokkrum húsum staflað upp.

## HVAÐ ER VITRA?

Vitra er húsgagnafyrirtæki sem stofnað var árið 1950 af hjónunum Willi og Eriku Fehlbaum. Þau byrjuðu með húsgagnaverslun í Basel sem síðan óx með árunum. Synir þeirra tóku við fyrirtækinu á níunda áratugnum og stýra því í dag.

Vitra hefur einkarétt á framleiðslu margra helstu gullmola hönnunarsögunnar. Sem dæmi má nefna að þeir framleiða alla hönnun hjónanna Charles og Ray Eames fyrir utan Bandaríkjamarkað. Vitra á einnig framleiðslurétt á hönnun hins franska Jean Prouvé sem var helsti hönnuður Frakklands á árum áður. Einnig má geta farsæls samtarfs Vitra við alla helstu hönnuði í húsgagnaiðnaðinum í dag og kemur árlega röð nýjunga frá þessu öfluga fyrirtæki.



Húsgögn og klukkur Georgs Nelson njóta sín vel í VitraHaus.


# Jákvæðar fréttir fyrir sumarið




Þú færð Fréttablaðið á 29 stöðum á Vesturlandi.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt**.

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.** Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

## Fjöldi lausasölustaða á Vesturlandi

| | | |
|---|---|---|
| N1 verslun, Akranesi | Þjónustumiðstöð Vegamót | Bónus, Ísafirði |
| Bónus, Akranesi | Hönnubúð, Reykholti, Borgarfirði | Samkaup Úrval, Ísafirði |
| Olís, Akranesi | Bónus, Stykkishólmi | Olís, Bolungarvík |
| Krónan, Akranesi | Olís, Stykkishólmi | Samkaup Úrval, Bolungarvík |
| Samkaup Strax, Akranesi | Hrannarbúðin, Grundarfirði | N1, Hamona, Þingeyri |
| Bónus, Borgarnesi | Samkaup Úrval, Grundarfirði | |
| Olís, Borgarnesi | N1, Ólafsvík | |
| Samkaup Úrval, Borgarnesi | Olís, Ólafsvík | |
| Samkaup Hyrnan, Borgarnesi | N1, Hraðbúðin Hellissandi | |
| Verslunin Baulan, Borgarnesi | Samkaup Strax, Búðardal | |
| Háskólinn Bifröst, Borgarfirði | N1, Þjónustustöð, Ísafirði | |
| Samkaup Strax, Bifröst, Borgarnesi | Hamraborg, Ísafirði | |

**Það fá allir afmælisblöðru* á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**




*Meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001 - 2011

Allt sem þú þarft


# Heillandi heimur Vitra

● Vitra hönnunarfyrirtækið er langt frá því að teljast hefðbundið hönnunarfyrirtæki.

Sigga Heimis
iðnhönnuður
skrifar í Heimili&hönnun
sigga@siggaheimis.is



Á landamærum þriggja landa, Sviss, Þýskalands og Frakklands, eru höfuðstöðvar Vitra húsgagnaframleiðandans. Þar eru verksmiðjur og skrifstofur sem þætti almennt ekki í frásögu færandi. Það sem gerir þessa verksmiðjuþyrpingu einstaka er arkitektúrinn sem hefur verið unninn gaumgæfilega og af einstakri natni. Í kjölfar mikils bruna sem átti sér stað hjá Vitra árið 1981 var ákveðið að endurbyggja verksmiðjusvæðið. Í stað þess að endurreisa hefðbundnar verksmiðjubyggingar var ákveðið að bjóða þekktum arkitektum til verksins til að byggja upp menningar- og arkitektúrsvæði. Sérstök áhersla var lögð á að velja erlenda arkitekta enda áttu byggingarnar ekki að vera einkennandi fyrir staðsetninguna á nokkurn hátt heldur frekar að sýna margbreytileika í hönnun og sköpunargleði.



Barnaleikfang Eames hjónanna í nýstárlegri útfærslu.

Niðurstöðurnar komu skemmtilega á óvart og sá Nicholas Grimshaw um aðalskipulag svæðisins. Önnur kynslóð tók við fyrirtækinu og árið 1984 var reistur skúlptúr eftir Claes Oldenburg sem leiddi til samstarfs Vitra við Frank Gehry. Hann teiknaði hönnunarsafn Vitra og þótti það tímamótaverk enda fyrsta bygging Gehrys í Evrópu. Hönnunarsafnið er hið fyrsta sinnar tegundar í heiminum og er orðið rúmlega tvítugt í dag.

Í kjölfar safnins bættust við slökkvistöð hönnuð af Zaha Hadid, ráðstefnusalur eftir smekk Tadao Ando, bensínstöð Jean Prouvé, kúluhús Buckminster Fuller, strætóstoppistöð Jespers Morrison og svona má lengi telja.

Lengi vel bættist svo ekki neitt hús í safnið en í fyrra kom Vitra enn og aftur á óvart með frábæru sýningarsvæði fyrir heimilislínuna þeirra Vitra Home í húsi sem nefnist VitraHaus. Í þetta skiptið var leitað til heimamanna, arkitektastofunnar Herzog & DeMeuron í Basel og tókst frábærlega vel til. Árlega heimsækja rúmlega 100,000 manns Vitra Campus svæðið og hægt er að fá leiðsögn á ýmsum tungumálum.

# NINGS Sumar tilboð

**fyrir tvo eða fleiri**

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Ristaðar eggjanúðlur með karrý og edamame baunum
Svínakjöt með Panda orange sósu, hrísgrjón
2 x 0,5l Appelsín




**fyrir tvo**
**3590 krónur**
1795 kr. á mann




Ef þú hringir inn pöntun og sækir færð þú frían Nings-ís

Taktu þátt í facebook leik Nings og Appelsín og þú getur unnið garðveislu frá Nings

1991 - 2011
20 ára

# NINGS

*og kroppurinn blómstrar*

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is

heimili & hönnun

## HEIMA VIÐ



**RAGNHEIÐUR ÖSP SIGURÐARDÓTTIR VÖRUHÖNNUÐUR**

Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður rekur vefverslunina Verkshop á Facebook ásamt manni sínum Ragnari Frey en þar er að finna vörur eftir þau hjónin auk annarra skemmtilegra hluta.

Síðasti hlutur sem ég keypti mér er eftirprent af málverki af Stórfæti (Yeti) eftir listateymið Apak.

Eftirlætis húsgagnið mitt er sennilega gamli, guli Eames-stóllinn sem ég fann á spottprís á Craigslist þegar ég bjó í Michigan.



Stofan mín væri ekki eins án hundsins míns sem sefur alltaf á sama stað í sófanum. Það getur verið mjög róandi að sitja í stofunni og hlusta á hana hrjóta.

Næsta framkvæmd í húsinu verður eldhúsið og taka geymsluna í gegn.



Uppi á vegg hangir málverk af litlu, loðnu kríli eftir Söru Riel sem maðurinn minn gaf mér í jólagjöf fyrir tveimur árum. Verkið er málað í botninn á gamalli skúffu sem gefur því skemmtilega dýpt.




